



Orkustofnun

Matthildur B. Stefánsdóttir

Grensásvegi 9

108 REYKJAVÍK

Iceland

Garðabær, 15.1.2025

Málsnúmer: 202412-0051

LA

Efni: Umsókn Geo Salmo um leyfi til hagnýtingar grunnvatns á lóðum við Laxabraut, Ölfusi.

Vísað er í tölvubréf frá Orkustofnun, dags. 12. desember 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umsókn Geo Salmo hf. um nýtingarleyfi til töku á söltu og fersku grunnvatni úr borholum á lóðum fyrirtækisins við Laxabraut, Þorlákshöfn, í sveitarfélaginu Ölfusi. Samkvæmt umsókn er áformaður tilgangur nýtingar rekstur fiskeldisstöðvar til eldis á allt að 24.000 tonnum af laxi á ári. Sótt er um leyfi til 30 ára samkvæmt bréfi til Orkustofnunar dags 27. nóvember 2024.

Grunnvatnsnýtingu er skipt í tvo áfanga og að loknum 2. áfanga er fyrirhuguð hámarksvatnstaka allt að 700 l/s af fersku vatni og 18.500 l/s af jarðsjó. Ráðgert er að í 1. áfanga hefjist vatnstaka í austasta hluta lóðarinnar og teygji sig síðan að vestari hluta hennar í 2. áfanga.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umsókn Geo Salmo ásamt fylgiskjöllum og gerir eftirfarandi athugasemdir. Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar frá 16. maí 2023 um umhverfismat framkvæmdar þar sem kemur fram að veigamestu umhverfisáhrif verði áhrif á grunnvatn. Í niðurstöðum umhverfismatsins stendur:

“Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að tekin verði upp sameiginleg vöktun allra fyrirtækja sem starfa á svæðinu vestan Þorlákshafnar. Æskilegt er að sú vöktun taki ekki eingöngu til grunnvatns heldur að lágmarki einnig til áhrifa fráveitu á strandsjó og þess lífríkis sem þrífst við ströndina. Þau fyrirtæki sem vinna grunnvatn og/eða eru með eigin fráveitu þurfa að taka þátt í slíku samstarfi.”

Skipulagsstofnun setur jafnframt fram álit um leyfisveitingar og skilyrði:

“[...] í leyfi Orkustofnunar til grunnvatnsvinnslu Geo Salmo þurfi að setja skilyrði uppbyggingu grunnvatnsvinnslunnar. Mikilvægast er að vinnsla grunnvatns úr Selvogsstraumnum verði byggð upp í áföngum. Metin verði áhrif hvers áfanga þannig að áhrif hans liggi fyrir áður en ráðist verði í þann næsta. Til að unnt verði að vakta áhrifin verði ráðist í umfangsmiklar rannsóknir á jarðfræði og vatnafari svæðisins [...]”

Í skýrslu Vatnaskila um uppfært mat á áhrifum fyrirhugaðrar vatnstöku kemur fram að innan lóðar Geo Salmo liggur fyrir metnaðarfull vöktunaráætlun um heildstætt utanumhald allrar vinnslu, með sítun á meginþáttum svo sem vatnsborði í vinnsluholu og vinnslumagni, hitastigi og rafleiðni vinnsluvatns úr vinnsluholum. Jafnframt sítun vatnsborðs, hitastigs og rafleiðni í vöktunarholum innan lóðar ásamt reglubundnum prófílmælingum í þeim á hitastigi og rafleiðni. Boraðar hafa verið þrjár vöktunarholur (60 og 90 m djúpar) og gert er ráð fyrir að bora til viðbótar tvær djúpar (130 m) rannsóknar- og



vöktunarholur austarlega á lóðinni samhliða uppbyggingu 1. áfanga. Stofnað hefur verið félag, Hydros ehf., ásamt öðrum vinnsluaðilum á svæðinu sem mun hafa að aðalmarkmiði að halda utan um sameiginlega vöktun á grunnvatnskerfinu, m.a. standa að borun rannsóknar- og vöktunarhola til rannsókna á jarðlögum, mælingum vatnafarsþátta og kortlagningu auðlindar. Félagið mun tryggja uppsetningu og reksturs vöktunarkerfis ásamt sameiginlegum gagnabanka um alla meginvatnafarsþætti tengda vöktuninni. Ekki kemur fram hvort allir vinnsluaðilar innan svæðisins standi að félaginu Hydros ehf..

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við vöktunaráætlanir Geo Salmo eða Hydros ehf. en telur að gera þurfi betur grein fyrir viðbragðsáætlunum og aðgerðum ef vöktun sýnir óæskilegar breytingar í grunnvatnskerfinu, s.s. í vatnsborði eða seltumagni. Þá er æskilegt að reglulega sé gerð grein fyrir niðurstöðum sameiginlegrar vöktunar vinnsluaðila innan svæðisins og mikilvægt að grunnvatnslíkön séu uppfærð miðað við nýjustu upplýsingar.

Ekki er ásættanlegt að núverandi magnstaða og efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotanna þriggja, Selvogsstraums 3, Ölfusstraum 3 og Ölfusstraum Ölfusá, séu enn óþekkt samkvæmt skráningu í Vatnavefjsá. Úr þessu þarf að bæta sem fyrst. Þá er þörf á að fylgjast með fyrirhuguðum framkvæmdum á heiðinni ofan við Hafnarsand og mögulegum áhrifum þeirra á grunnvatnshlotin.

Þrátt fyrir að uppfærðir líkanreikningar Vatnaskila bendi til þess að vatnstaka Geo Salmo muni hafa minni áhrif en áður var talið er það álit Náttúrufræðistofnunar að full ástæða sé til að vakta breytingar í Hlíðarvatni þar sem seltustig og framboð ferskvatns er einkar mikilvægt fyrir það lífríki sem þar finnst eins og Náttúrufræðistofnun benti á í [umsögn sinni um mat á umhverfisáhrifum](#).

Allt frárænnisli frá starfseminni mun vera leitt til sjávar en er ekki til umfjöllunar í þessari umsókn um leyfi til vatnsnýtingar. Geo Salmo mun þurfa starfsleyfi „Umhverfisstofnunar“ og hefur Skipulagsstofnun í áliti sínu um umhverfismat lagt til að sett verði ákvæði um að gæði sjávar og lífríki m.a. fugla við ströndina verði vaktað. Náttúrufræðistofnun tekur undir það álit og í ljósi varúðarsjónarmiða er mikilvægt að skilgreind sé skilvirk viðbragðsáætlun fyrir þau tilfelli þegar vöktun leiðir í ljós óæskilega aukningu næringarefna í frárænnislinu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur